

Vísindasjóður Visku

Ársreikningur
2024

Vísindasjóður Visku
Borgartúni 27
105 Reykjavík
Kt. 621190-2029

Vísindasjóður Visku

Ársreikningur 2024

Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda	2-3
Skýrsla stjórnar	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Skýringar	7

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Vísindasjóðs Visku

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Vísindasjóðs Visku fyrir árið 2024. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu sjóðsins 31. desember 2024 og afkomu hans á árinu 2024, í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð sjóðnum í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar á ársreikningnum

Stjórn er ábyrgð fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn að leggja mat á rekstrarhæfi sjóðsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa sjóðinn upp eða hætta starfsemi hans, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Samanburðarfjárhæðir

Ársreikningur sjóðsins 2023 var endurskoðaður af öðrum endurskoðanda. Áritunin er dagsett 26. apríl 2024 og er án fyrirvara.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits sjóðsins.

Áritun óháðs endurskoðanda

- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal alla verulega annmarka á innra eftirliti sem við greinum við endurskoðun okkar.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Reykjavík 10. apríl 2025.

KPMG ehf.

Sigríður Helga Sveinsdóttir
endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Ársreikningur Vísindasjóðs Visku er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Í nóvember 2023 samþykktu stéttarfélögin Fræðagarður, Stéttarfélag bókasafns- og upplýsingafræðinga (SBU) og Félag íslenskra félagsvísindamanna (FÍF) að sameinast undir heiti Visku - stéttarfélags og var reikningshaldslegur samruni gerður miðað við 1. janúar 2024. Á sama tíma sameinuðust vísindasjóðir Fræðagarðs, SBU og FÍF undir heiti Vísindasjóðs Visku. Samanburðarfrárhæðir fyrir árið 2023 koma úr ársreikningi Vísindasjóðs Fræðagarðs en sjóðirnir sameinuðust undir kennitölu Vísindasjóðs Fræðagarðs sem var síðan nafnabreytt í Vísindasjóður Visku.

Vísindasjóður Visku var upphaflega stofnaður undir heitinu Vísindasjóður Útgarðs með gerð kjarasamninga 1989 og er tilgangur sjóðsins að stuðla að auknum rannsóknum, þróunarstarfi og endurmenntun félagsfólks en aðild að sjóðnum á félagsfólk Visku sem greitt er fyrir í sjóðinn. Enginn starfsmaður starfaði hjá félaginu á árinu, líkt og árið áður.

Samkvæmt rekstrarreikningi Vísindasjóðs Visku var hagnaður ársins 2024 kr. 52.463.104. Hrein eign sjóðsins í árslok var jákvæð um kr. 308.458.252.

Stjórn Vísindasjóðs Visku samþykkir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2024 með undirritun sinni.

Reykjavík, 10. apríl 2025.

Ársreikningur þessi var samþykktur á stjórnarfundum þann 10. apríl 2025 og undirritaður með rafrænum hætti í framhaldi af fundinum.

Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir
Stjórnarformaður

Gustav Pétursson	Helga Björg Kolbeinsdóttir
Inga María Leifsdóttir	Ingibjörg Ösp Óttarsdóttir
Íris Halla Guðmundsdóttir	Kristín Arnórsdóttir
Kristjana Mjöll Jónsdóttir Hjörvar	Kristmundur Þór Ólafsson
Linda Björk Markúsardóttir	Óskar Þór Þráinsson
Ragna Björk Kristjánsdóttir	Sigrún Einarsdóttir
Steindór Gunnar Steindórsson	Sunna Arnardóttir
Þóra Jónsdóttir	

Georg Brynjarsson
Framkvæmdastjóri

Rekstrarreikningur ársins 2024

	Skýr.	2024	2023
Iðgjöld		236.294.918	194.568.674
Veittir styrkir		(194.953.966)	(156.960.916)
Annar rekstrarkostnaður		(436.684)	(319.689)
		<u>(195.390.650)</u>	<u>(157.280.605)</u>
Rekstrarhagnaður		40.904.268	37.288.069
Fjármunatekjur		856.631	516.652
Matsbreyting og hagnaður (tap) af verðbréfaeign		14.599.460	9.656.433
Fjármagnstekjuskattur		(3.496.920)	(1.564.112)
Fjármagnsgjöld		(400.335)	(237.324)
		<u>11.558.836</u>	<u>8.371.649</u>
Tekjur umfram gjöld		<u><u>52.463.104</u></u>	<u><u>45.659.718</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

Eignir	Skýr.	31.12.2024	31.12.2023
Veltufjármunir			
Útistandandi iðgjöld		31.745.801	22.838.662
Krafa á Visku - stéttarfélag		0	360.000
Verðbréfaeign	3	267.915.083	235.083.240
Handbært fé		8.877.341	9.884.294
Eignir		308.538.225	268.166.196
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Eigið fé í upphafi árs		268.093.708	222.433.990
Sameining Fræðagarðs við SBU og FÍF		12.901.440	0
Framlag til félagssjóðs Visku - stéttarfélags		(25.000.000)	0
Afkoma ársins		52.463.104	45.659.718
Eigið fé		308.458.252	268.093.708
Skammtímaskuldir			
Aðrar skammtímaskuldir		79.973	72.488
Skuldir		79.973	72.488
Eigið fé og skuldir		308.538.225	268.166.196

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Vísindasjóður Visku er vísindasjóður á vegum Visku - stéttarfélags með kennitölu 621190-2029

Löghheimili sjóðsins er að Borgartúni 27, 105 Reykjavík.

Engir fastir starfsmenn störfuðu hjá sjóðnum á árinu. Þóknun til stjórnarmanna fyrir stjórnarstörf er greidd af Visku - stéttarfélagi.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum fyrir utan að verðbréfaeign er færð á markaðsverði. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Hann er gerður í íslenskum krónum og fjárhæðir eru sýndar í heilum krónum.

Verðbréf

Verðbréf í eigu félagsins eru skráð á virkum markaði og eru eignfærð á markaðsverði í árslok.

Handbært fé

Til handbærs fjár teljast bankainnstæður.

Innlausn tekna

Iðgjöld eru færð miðað við innsendar skilagreinir, á því tímabili sem skilagreinarnar tilheyra.

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær falla til.

Styrkir

Styrkir eru gjaldfærðir við greiðslu.

3. Verðbréfaeign

	2024	2023
Eignaval A	0	59.602.965
Skuldabréf	269.557.802	176.845.219
Fjármagnstekjuskattur af óinnleystum hagnaði	(1.642.719)	(1.364.944)
	<u>267.915.083</u>	<u>235.083.240</u>